



Samningur um sameiningu Félags tæknifólks (FTF) og Félags íslenskra símamanna (FÍS).

Félag tæknifólks, kt: 560493-3049 (FTF) og Félag íslenskra símamanna, kt. 530169-7669 (FÍS) gera með sér svohljóðandi samning um sameiningu félaganna:

Samningur

1.gr.

FTF og FÍS sameinast frá og með 31. maí 2024. Sameinað félag heldur félagsnúmeri og kennitölu FTF og þar til nýtt nafn sameinaðs félags hefur verið valið þá verður nafn þess Félag tæknifólks og skammstöfun félagsins FTF.

Sameining fer fram með þeim hætti að félagsmenn FÍS færast til FTF og öðlast full réttindi í félaginu frá þeim tíma eins og þeir hefðu verið félagsmenn í FTF en nýir félagsmenn ávinna sér réttindi í samræmi við reglur FTF og Rafiðnaðarsambands Íslands. Félagaskrár félaganna skulu sameinaðar og uppreikna skal réttindi FÍS félaga miðað við starfsreglur FTF. Frá sameiningu renna öll iðgjöld sem kveðið er á um í kjarasamningum félagsins í félags-, sjúkra-, orlofs- og menntasjóð til Félags tæknifólks.

2.gr.

Félagssvæði sameinaðs félags (FTF) er landið allt og yfirtekur félagssvæði FÍS eftir sameiningu. FTF tekur yfir allar skuldbindingar gagnvart starfsmönnum og félagsmönnum aðrar en þær sem sérstaklega verða færðar til RSÍ með samningi þar að lútandi. FTF er aðili að Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) og skrifstofur RSÍ eru skrifstofur félagsins einnig.

3.gr.

Fyrsta stjórn og trúnaðarráð sameinaðs félags er afrakstur uppstillingarvinnu stjórna FTF og FÍS og í samræmi við grein 40.1 í lögum sameinaðs félags. Aðalfundir FÍS og FTF staðfesta uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og önnur trúnaðarstörf fyrir sameinað félag. Fyrsta kjör í stjórn og trúnaðarráð sameinaðs félags fer svo fram samkvæmt lögum FTF á ársfundi 2025.

Ný stjórn tekur til starfa sem starfsstjórn í kjölfar aðalfunda beggja félaga og starfar í umboði og með fyrirvara um samþykki, stjórna beggja félaga þar til niðurstaða allsherjar atkvæðagreiðslu liggur fyrir og sameinað félag tekur formlega til starfa.

4.gr.

Bókhaldsleg sameining félaganna skal miða við 1. janúar 2024.

Þar sem sameinað félag heldur kennitölu og félagsnúmeri Félags tæknifólks við sameiningu þá er bókhaldsleg sameining félaganna þannig háttáð að félagsfólks FÍS gengur inn í FTF.

FTF yfirtekur eignir og skuldbindingar FÍS við sameiningu utan þeirra eigna og skuldbindinga sem stjórn FÍS færir Rafiðnaðarsambandi Íslands. Nánari útfærsla á ráðstöfun eigna og skulda FÍS verður útfærð í sérstæðum samningi milli FÍS, FTF og RSÍ í kjölfar greiningarvinnu og í samræmi við 5. gr. samnings þessa.



5.gr.

Í ljósi þess að eignir og skuldbindingar FÍS eru töluverðar eftir starfstíma sem nær til meira en einnar aldar og um leið vegna töluvert breyttrar samsetningar á hópi þeirra sem aðild eiga að félaginu, eru samningsaðilar sammála um að eðlilegt sé við sameiningu FÍS og FTF, fari fram á sama tíma ákveðið uppgjör á þeim eignum og skuldbindingum.

Eðlilegur hluti eigna fylgir félagsfólki FÍS inn í sjóði sameinaðs félags í hlutfalli af stærð þess hóps af heildinni í sameinuðu félagi en hluta eigna FÍS er aftur á móti ráðstafað með öðrum hætti.

Hluti skuldbindinga og eigna FÍS eiga við um réttindi sem best færi á að færðust til Sjúkrasjóðs Rafiðnaðarsambands Íslands og samningsaðilar eru sammála um að með verkefnum eða skuldbindingum sem tengjast sögu, eldri skuldbindingum og þjónustu FÍS fylgi tilhlíðilegt fjármagn.

Nánari útfærsla á ráðstöfun þessa hluta eigna og skuldbindinga FÍS er gerð í sérstæðum samningi FTF, FÍS og Rafiðnaðarsambands Íslands.

6.gr.

Samningsaðilar eru sammála um að í kjölfar sameiningar félaganna verði ráðist í átak við kynningu á nýju félagi, kjarasamningsbundnum réttindum og þjónustu þeirri sem félagið og RSÍ veita félagsfólki.

7.gr.

Í ljósi þess að FÍS lýkur starfsemi og einnig í ljósi breytinga á starfsgreininni á undanförunum árum gengst stjórn FTF við mikilvægi þess að saga félagsins sé varðveitt eftir bestu getu og umfjöllun þar um gerð aðgengileg félagsmönnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu hans á aðalfundum FTF og FÍS 17. apríl 2024 og niðurstöðu allsherjar atkvæðagreiðslu beggja félaga í samræmi við lög félaganna.

Rísi ágreiningur vegna efnis þessa samnings má reka það mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 15. apríl 2024

Undirritun f.h. FTF

Undirritun f.h. FÍS